



Miðlunarfræði - MFR3A05

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari: Ari Halldórsson

Netfang: ari.halldorsson@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn snýst um miðlun í samtímanum þar sem leitast er við að skoða og skilgreina fyrirbærið á fræðilegan hátt. Í því skyni eru ýmsar greinar mannlegra fræða kynntar til sögunnar, s.s. heimspeki, listfræði, sálfræði, félagsfræði, kynjafræði, sagnfræði og fjölmiðlafræði. Fjallað er um einkenni fræðilegra vinnubragða og gagnrýninnar hugsunar í því skyni að komast að skynsamlegri niðurstöðu um tiltekið rannsóknarefni. Lesnir verða textar um ofangreint efni og leitast við að varpa ljósi á miðlun í samfélaginu með aðferðum og frá sjónarhóli ólíkra fræðigreina. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir þar sem miðlun kemur við sögu og verkefni unnin út frá slíkum heimsóknum. Nemendur gera stutt vikuleg verkefni tengd lesefni hvorrar viku en vinna jafnframt lokaritgerð sem byggir á hugtakagreiningu og kynna hana. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð við öflun, meðferð og úrvinnslu heimilda, skýra framsetningu og frágang texta og gott málfar líkt og krafist er á háskólastigi.

Markmið (hæfni)

Nemandi skal vera fær um að:

- nálgast rannsóknarefni á sviði miðlunar á fræðilegan og sjálfstæðan hátt.
- skiptast á skoðunum við aðra um hugmyndir sínar og verkefni.
- útskýra hugmyndir sínar og verk í mæltu máli og myndrænt.
- ræða og ígrunda siðferðisleg álitamál sem tengjast miðlun.
- fjalla um fjölmiðla og áhrif þeirra á í samfélaginu á gagnrýninn hátt.
- rökstyðja forsendur verka sinna með vísan í kenningar ólíkra fræðasviða.
- setja fram formlegan og fræðilegan rökstuðning með vísun í heimildir.
- greina og meta eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi

Námsmat:

Hópverkefni og heimaverkefni: 35%

Ritgerð um eðli og rannsóknaraðferð fræðigreinar: 20%

Skýrslur um vettvangsheimsóknir: 15%

Lokaverkefni: 30%

Námsgögn:



Borgarholtsskóli

Allt námsefni - til lestrar eða áhorfs - er birt eða vísað í á vefsíðu áfangans í Innu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Við ritgerðarskrif verður notast við APA-heimildaskráningarkerfið.